

Svar við fyrirspurn

Til: Borgarráðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Álagningarprósenta íbúðarhúsnæðis í Reykjavík

Óskað hefur verið eftir svari fjármála- og áhættustýringarsviðs við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins, sem barst þann 3. júní sl., um álagningarprósentu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

- „1. Á að lækka álagningarprósentu á íbúðarhúsnæði í Reykjavík fyrir árið 2022?
2. Á að lækka álagningarprósentu á atvinnuhúsnæði í Reykjavík fyrir árið 2022?
3. Ef ekki – hvað er áætlað að eignir Félagsbústaða hækki í prósentum annars vegar og krónutölu hins vegar við hækkun fasteignamatsins fyrir árið 2022?“

Svar:

Samkvæmt 3. mgr., 3. gr. í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 ákveður sveitarstjórn fyrir lok árs skatthlutfall næsta árs innan þeirra marka sem greinir í a- og c-lið sömu greinar. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort álagningarprósenta á íbúðar- og/eða atvinnuhúsnæði í Reykjavík verði lækkuð fyrir árið 2022. Ekki er því unnt að svara lið 1-3 í ofangreindri fyrirspurn.



Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.